

# Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

## 16. FUNDUR – 29. nóvember 2011

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 16. fundar þriðjudaginn 29. nóvember 2011 kl. 16:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Auðunn Sigurðsson. Undirritaðir sátu fundinn.

### Dagskrá:

1. *Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2011*
2. *Fjárhagsáætlun 2012 – fyrri umræða*
3. *Fundargerðir:*
  - a) *Bæjarráð frá 19. október 2011*
  - b) *Bæjarráð frá 3. nóvember 2011*
  - c) *Bæjarráð frá 10. nóvember 2011*
  - d) *Bæjarráð frá 15. nóvember 2011*
  - e) *Bæjarráð frá 21. nóvember 2011*
  - f) *Bæjarráð frá 24. nóvember 2011*
  - g) *Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 18. október 2011*
  - h) *Landbúnaðarnefndar frá 18. nóvember 2011*
  - i) *Menningar- og fegrunarnefndar frá 23. nóvember 2011*

### Afgreiðslur:

#### 1. *Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2011*

Valgerður Hilmarsdóttir, fjármálastjóri bæjarins var mætt á fundinn. Valgerður kynnti endurskoðaða fjárhagsáætlun 2011, útskýrði einstaka liði og ástæður breytinga.

Helstu niðurstöður endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar er að heildartekjur samstæðu nema 655.667 þús. en í samþykktri áætlun er gert ráð fyrir að tekjur verði 639.972 þús. Endurskoðuð áætlun gerir ráð fyrir að rekstrarkostnaður fyrir afskriftir nemi 580.617 þús. en í fjárhagsáætlun er rekstrarkostnaður áætlaður 539.883 þús. Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir verði jákvæð um 75.050 þús. en í fjárhagsáætlun er reiknað með að rekstrarniðurstaða verði jákvæð um 100.089 þús. Rekstrarniðurstaða endurskoðaðrar áætlunar er neikvæð um 64.531 þús. að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða en upphafleg áætlun var neikvæð um 7.543 þús. Nokkrar umræður urðu um áætlunina.

S-listinn leggur fram eftirfarandi bókun:

*Vegna endurskoðunar fjárhagsáætlunar vill S-listinn taka fram að stærsti hluti breytinga á tekjum og gjöldum sveitarfélagsins eru tilkomnar vegna óviðráðanlegra þátta s.s. verðbólgu, kjarasamninga ofl. slíkra þátta. Þó verður ekki fram hjá því horft*

*að einstaka ákvarðanir bæjarstjórnar og heimildarlausar ákvarðanir hafa leitt til lítils háttar aukins kostnaðar eða tekna. Er brýnt að á komandi ári verði ekki um slíkt að ræða nema í neyðartilvikum.*

Undir þetta rita Hörður Ríkharðsson, Þórdís Erla Björnsdóttir og Oddný María Gunnarsdóttir.

Að þessu loknu var endurskoðuð fjárhagsáætlun 2011 borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

## **2. Fjárhagsáætlun 2012 – fyrri umræða**

Lögð fram fjárhagsáætlun 2012 til fyrri umræðu, rekstraryfirlit og sjóðsstreymi. Fjármálastjóri Blönduósbæjar, Valgerður Hilmarsdóttir, fór yfir áætlunina með fundarmönnum. Miklar umræður urðu um áætlunina en að henni lokinni vísaði forseti fjárhagsáætlun Blönduósbæjar til síðari umræðu. Það var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Valgerður, fjármálastjóri vék hér af fundi.

## **3. Fundargerðir:**

### **a. Bæjarráð frá 19. október 2011**

Fundargerðin er í 9 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

### **b. Bæjarráð frá 3. nóvember 2011**

Fundargerðin er í 11 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Miklar umræður urðu um fundargerðina. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

### **c. Bæjarráð frá 10. nóvember 2011**

Fundargerðin er í einum lið. Gaf ekki tilefni til ályktana. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

### **d. Bæjarráð frá 15. nóvember 2011**

Fundargerðin er í einum lið. Gaf ekki tilefni til ályktana. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

### **e. Bæjarráð frá 21. nóvember 2011**

Fundargerðin er í einum lið. Gaf ekki tilefni til ályktana. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

### **f. Bæjarráð frá 24. nóvember 2011**

Fundargerðin er í einum lið. Gaf ekki tilefni til ályktana. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

### **g. Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 18. október 2011**

Fundargerðin er í einum lið. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Engar umræður urðu um fundargerðina. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

***h. Landbúnaðarnefnd frá 18. nóvember 2011***

Fundargerðin er í tveimur liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Bæjarstjórn vísar 1. og 2. liðar fundargerðarinnar til afgreiðslu fjárhagsáætlunar. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

***i. Menningar- og fegrunarnefnd frá 23. nóvember 2011***

Fundargerðin er í 3 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:10

Ágúst Þór Bragason, forseti (sign.)

Auðunn Sigurðsson, ritari (sign.)

Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Þórdís Erla Björnsdóttir (sign.)

Hörður Ríkharðsson (sign.)

Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)